

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Tjarnar í Svarfaðardal.*

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 19. mars 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Tjarnar í Svarfaðardal.

Breytingin tekur til lóðanna Bringu, Efri-Gullbringu og Gullbringu og felur í sér að byggingarreitir á lóðinni Bringu stækkar lítillega og lóðamörkum á milli Gullbringu og Efri-Gullbringu er hliðrað lítillega.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Dalvíkurbyggðar, 22. mars 2024,*

**María Markúsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 18. apríl 2024